

Bæjarstjórn - 1956

FUNDARBOÐ

**1956. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 4.
júni 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2403380 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2025 og 2026-2028

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 15. maí sl.

Lagður fram viðauki 4. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi viðauka.

2. 1604079 - Húsnæðisáætlun

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. maí sl.

Lagt fram til samþykktar. Guðmundur Sverrisson hagdeild og Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mæta til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að vísa húsnæðisáætlun til afgreiðslu í bæjarstjórn og jafnframt að áætlunin verði rýnd fyrir fund bæjarstjórnar í samræmi við umræður á fundinum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrífna leigu- eða búseturéttarfélagas sl. 5 ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

2. Hefur Hafnarfjarðarbær veitt stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrífnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir á sama árabili og tilgreint er í 1. spurningu?

a) Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?

3. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag?

a) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag á vegum óhagnaðardrífna leigufélaga, þ.e. almennar leiguíbúðir fyrir tekju - og eignalaga?

b) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag sem ætlaðar eru í félagslega íbúðakerfið á vegum Hafnarfjarðar?

4. Hversu margar stúdentaíbúðir voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

5. Hversu margar íbúðir fyrir eldri borgara voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár?

Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023.
Óskað er eftir að svör berist fyrir bæjarstjórnarfund 4. júní nk.

3. 2501706 - Sorpa, endurfjármögnun, beiðni

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. maí sl.

Lögð fram beiðni SORPU bs. um samþykki fyrir lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna endurfjármögnunar láns.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 24011013 - Hádegisskarð 22, breyting á deiliskipulagi

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28. maí sl.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 19.03.2025 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Hádegisskarðs 22 vegna fjölgunar eigna um eina. Erindið var grenndarkynnt frá 28.03.2025 til 02.05.2025. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn verkefnastjóra og samþykkir breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar vegna Hádegisskarðs 22 og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

5. 2402651 - Umhverfis- og auðlindastefna, endurskoðun

8.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 28. maí sl.

Starfshópur um endurskoðun umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar leggur fram til kynningar og samþykktar endurskoðaða og uppfærða umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir framlagða stefnu fyrir sitt leyti og vísar til samþykktar bæjarstjórnar.

6. 24011080 - Reglur um úthlutun á félagslegu húsnæði

4. liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 27. maí sl.

Lögð fram drög að uppfærðum reglum. Áslaug Kristjana Árnadóttir, verkefnastjóri félagslegra húsnæðismála og Hrafnhildur Ágústsdóttir, lögfræðingur velferðarmála mæta til fundar undir þessum lið. Lögð fram skrifleg samskipti Hafnarfjarðarbæjar við Þroskahjálp og ÖBÍ.

Fjölskylduráð þakkar Hrafnhildi Ágústsdóttur og Áslaugu Kristjönu Árnadóttur fyrir kynninguna. Formaður leggur uppfærðar reglur um félagslegt leiguhúsnæði til atkvæðagreiðslu. Um er að ræða breytingar á 12. gr. reglnanna. Breytingarnar eru samþykktar samhljóða. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi breytingatillögu: Fjölskylduráð samþykkir að 4. mgr. 9. gr. í fyrirbyggjandi drögum að reglum um úthlutun á félagslegu húsnæði falli brott. Málsgreinin er eftirfarandi: Einstaklingur sem óskar eftir þjónustu Hafnarfjarðarbæjar á grundvelli SIS mats sem krefst viðtækrar þjónustu þarf að hafa samráð við sveitarfélagið um búsetuform þannig að hægt sé að samræma þjónustuþætti á vegum sveitarfélagsins liggi það fyrir að viðkomandi einstaklingur muni óska eftir þjónustu sveitarfélagsins. Greinargerð: Á fundi fjölskylduráðs þann 18. mars sl.

og á fundi bæjarstjórnar þann 26. mars sl. samþykkti meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis. Endurskoðun reglnanna hafði þá staðið yfir í rúmt ár. Fulltrúar meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks höfðu tillögu Samfylkingarinnar um að 4. mgr. 9. gr. reglnanna yrði fellt brott í fjölskylduráði og bæjarstjórn. Af þeim sökum sátu fulltrúar Samfylkingarinnar hjá við afgreiðslu reglnanna í fjölskylduráði og bæjarstjórn. Þar með hafði meirihlutinn umsögn Samráðshóps um málefni fatlaðs fólks um málið að engu en hann lagðist alfarið gegn þessu ákvæði reglnanna og Samráðshópurinn taldi að umrætt ákvæði stangaðist á við 9. gr. laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Fulltrúar Samfylkingarinnar tóku heilshugar undir umsögn samráðshópsins og lögðu því til að fallið verði frá þessari grein í reglunum en eins og áður segir hafnaði meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks þeirri tillögu jafnaðarfólk bæði í fjölskylduráði og bæjarstjórn. Frá því reglurnar voru samþykktar í bæjarstjórn 26. mars sl. þá hafa forsvarsmenn Þroskahjálpar og Öryrkjabandalags Íslands sent bæjaryfirvöldum bréf, dags. 4. apríl sl., þar sem gerðar eru alvarlega athugasemdir við umrætt ákvæði, þ.e. 4. mgr. 9. gr. reglna um úthlutun félagslegs húsnæðis. Samtökin telja verulegt tilefni til þess að ætla að ákvæðið standist ekki lög og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem hafa það markmið að tryggja fötluðu fólki tækifæri til sjálfstæðs lífs án mismununar og aðgreiningar. Í ljósi þessara alvarlegu og knýjandi athugasemda hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og samráðshóps bæjarins í málefnum fatlaðs fólks endurflytja fulltrúar Samfylkingarinnar tillögu um að 4. mgr. 9. gr. reglnanna falli brott. Formaður leggur framkomna breytingartillögu til atkvæðagreiðslu. Tillagan er felld með þremur atkvæðum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Meirihluti Fjölskylduráðs samþykkir uppfærðar reglur um úthlutun á félagslegu húsnæði og vísar þeim til staðfestingar í bæjarstjórn. Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá. Fulltrúar meirihluta Framsóknar og Sjálfstæðisflokks í fjölskylduráði leggja áherslu á að markmið reglna um úthlutun félagslegs húsnæðis sé ætíð að tryggja jafnræði og bestu mögulegu þjónustu við alla þá einstaklinga sem þurfa á að halda, þar á meðal fatlað fólk með sértækar stuðningsþarfir. Í kjölfar samþykktar nýrra reglna í mars sl. hafa borist gagnleg og málefnaleg sjónarmið frá hagsmunaaðilum, þar á meðal Þroskahjálp og ÖBÍ. Þeim sjónarmiðum hefur verið tekið alvarlega og farið ítarlega yfir þau af hálfu bæjarins. Í svari bæjarins kemur skýrt fram að ákvæði 4. mgr. 9. gr. skuli aldrei túlkað eða framkvæmt á þann hátt að það brjóti gegn grundvallarréttindum fatlaðs fólks. Þvert á móti er það skýrt tekið fram að ákvæðið miðar að því að tryggja einstaklingsmiðað samráð og samþættingu þjónustu í þágu viðkomandi aðila með virðingu fyrir sjálfræði og óskum einstaklingsins. Framkvæmd reglnanna er skýrlega bundin við þau lög og alþjóðlegar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist, þar á meðal samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í því samhengi er sérstaklega mikilvægt að samráð við þjónustunotendur sé ekki hindrun heldur leið til að tryggja að úrræði og stuðningur séu sem best sniðin að þörfum hvers og eins. Fulltrúar meirihlutans munu áfram fylgjast vel með framkvæmd reglna um úthlutun félagslegs húsnæðis og eru reiðubúnir til að gera viðeigandi endurskoðun verði tilefni til. Markmiðið er og verður ávallt að tryggja öfluga og sanngjarna þjónustu fyrir alla íbúa Hafnarfjarðar. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar Samfylkingarinnar styðja þær breytingar sem lagðar eru fram á þessum fundi varðandi 12. gr. reglnanna sem snúa að tímalengd leigusamninga. Við vísum líka til fyrri bókana okkar um að margt horfi til betri vegar með samþykkt þessara reglna. En fulltrúar Samfylkingarinnar furða sig hins vegar enn og aftur á því meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks skuli hafa að athugasemdir og ábendingar hagsmunasamtaka fatlaðs fólks að engu í þessu máli. Samráðshópur bæjarins

um málefni fatlaðs fólks gagnrýndi harðlega 4. mgr. 9. gr. áður en þær voru samþykktar í bæjarstjórn þann 26. mars sl. Eftir að reglurnar voru samþykktar sendi forsvarsfólk Öryrkjabandalags Íslands og Þroskahjálpar bæjarstjóra bréf, dags. 4. apríl, sl., þar sem fram kemur að verulegar líkur séu á því að umrætt ákvæði reglna um úthlutun félagslegs húsnæðis hjá Hafnarfjarðarbæ samræmist ekki ákvæðum laga og samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Því miður þá verður ekki sé að reglur bæjarins stuðli að jafnræði fyrir fatlað fólk og að þær geri fötlðu fólki erfiðara um vik að búa á eigin heimili og stuðla þannig að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Þessi krafa í reglunum um samráð nær einungis til fatlaðs fólks sem fellur undir skilgreiningu 4. mgr. 9. gr. en ekki annarra einstaklinga sem sækja um félagslegt húsnæði hjá bænum. Hér er því um klára mismunum að ræða sem er með öllu óásættanleg. Einnig gera fulltrúar Samfylkingarinnar alvarlegar athugasemdir við það að fyrrnefnt bréf Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar til bæjarstjóra, dags. 4. apríl sl., skuli ekki hafa verið lagt fram í fjölskylduráði fyrr en 27. maí eða tæpum tveimur mánuðum eftir að það barst bæjarstjóra. Tveir fundir hafa verið haldnir í ráðinu frá því bréfið barst bæjarstjóra og fulltrúar Samfylkingarinnar kölluðu eftir því að bréfið yrði lagt fram á síðasta fundi ráðsins en ekki var orðið við því. Svarbréf bæjarins, dags. 14. apríl sl., var heldur ekki lagt fram eða kynnt í fjölskylduráði sem þó ber ábyrgð á reglunum og samþykkt þeirra. Fulltrúar Samfylkingarinnar harma þessi vinnubrögð meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks og þá leyndarhyggju sem birtist í þeim. Við sitjum því hjá við afgreiðslu reglnanna.

7. 2408342 - Straumsvíkurhöfn stækkun, umhverfismat

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu og dagskrá og leggja til að bæjarstjórn staðfesti afgreiðslu skipulags- og byggingaráðs frá 3. okt. 2024.

8. 2505458 - Axlarás 11, umsókn um lóð

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram umsókn Gísla R. Sveinssonar um lóðina nr. 11 við Axlarás.

Þrjár umsóknir frá einstaklingum bárust og dró fulltrúi sýslumanns úr umsóknum. Dregin var út umsókn Gísla R. Sveinssonar. Til vara er dregin út umsókn Ingva Arnars Sigurjónssonar. Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni í samræmi við útrátt og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Fundargerðir

9. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 28. maí sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 30.maí sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 14. maí sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 21. maí sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16.maí sl.

d. Fundargerðir Samtaka orkusveitarfélaga frá 19.febr., 12. mars og 9.apríl sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 23. apríl sl.

f. Fundargerð stjórnar SSH frá 19. maí sl.

g. Fundargerð 52.fundar eigendafundar Strætó bs. frá 14. maí sl.

h. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 27. maí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 28.maí sl.
a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9.maí sl.
Fundargerð fræðsluráðs frá 28.maí sl.
a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 20.maí sl.

02.06.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri